

# HANDBÓK

## ÍSLENSKAR FLOKKUNARREGLUR FYRIR GRÆNMETI



SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA

GARÐYRKJUMIÐSTÖÐIN, REYKJUM  
BOX 170  
810 HVERAGERÐI  
ÍSLAND

---

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns S.G.	3
Formáli	4
I Inngangur	6
II Íslenskar flokkunarreglur fyrir grænmeti	7
Blaðlaukur	
Blómkál	
Gulrófur	
Gulrætur	
Gúrkur	
Höfuðkál	
Kínakál	
Paprika	
Salat	
Salat, pottasalat	
Spergilkál	
Steinselja	
Stilksellerí	
Tómatar	

---

# Ávarp formanns Sambands garðyrkjubænda

Það er fagnaðarefni að gefin er út handbók með flokkunarreglum fyrir grænmeti á íslenskum markaði. Með handbókinni er leitast við að bæta enn frekar gæði grænmetis á markaðinum og styrkja stöðu innlendrar framleiðslu gagnvart erlendri samkeppni.

Handbók sem þessi er nauðsynleg öllum þeim sem koma að framleiðslu, dreifingu og sölu á grænmeti á íslenskum markaði. Með reglunum er leitast við að tryggja neytendum einsleitna vöru með sem bestum gæðum.

Sérstaða íslenskrar grænmetisframleiðslu ræðst af gæðum afurðanna. Framleiðsluþættir garðyrkjunnar; hreint vatn, fallvötn til raforkuframleiðslu, lífrænar varnir og lítil varnarefnanotkun veita okkur forskot meðal annarra þjóða. Þessir umhverfisvænu framleiðsluþættir eiga sinn þátt í því að skapa traust neytenda á okkar afurðum.

Sérstakar þakkir vil ég færa þátttakendum verkefnisins sem komu frá MATRA, Sölufélagi garðyrkjumanna, Nýkaupum, Bændasamtökum Íslands og Sambandi garðyrkjubænda. Handbókin sýnir að þegar tekið er höndum saman við verkefni sem þetta er árangurinn góður.

Vonandi mun þessi handbók nýtast framleiðendum, dreifingaraðililum, versluninni og ekki síst neytendum sem best í framtíðinni.

Hlöðutúni, 9. maí 2001

Kjartan Ólafsson, formaður Sambands garðyrkjubænda.

---

## Formáli

Í mars 2000 var myndaður vinnuhópur til að taka saman drög að flokkunarreglum fyrir grænmeti. Í hópnum voru Garðar Árnason frá Bændasamtökunum, Ólafur Reykdal og Valur Gunnlaugsson frá Matra, Unnsteinn Eggertsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Kolbeinn Ágústsson frá Sölufélagi garðyrkjumanna og Anna Margrét Jónsdóttir frá Nýkaupum. Tryggt var að sjónarmið framleiðenda, dreifingaraðila og smásöluverslunar komust að frá byrjun.

Garðar Árnason vann fyrstu drög að flokkunarreglum. Evrópskir staðlar um grænmeti voru hafðir til hliðsjónar við samningu íslenska textans. Evrópsku staðlarnir reyndust óþarflega viðamiklir og flokkarnir of margir fyrir íslenskar aðstæður enda eru einingarnar í íslenskri grænmetisframleiðslu smáar.

Efnt var til þriggja kynningarfunda fyrir framleiðendur á árinu 2000 til að kynna drög að flokkunarreglum fyrir grænmeti. Fyrsti fundurinn var haldinn í maí og voru þá kynnt drög fyrir ylræktað grænmeti. Nokkrir framleiðendur prófuðu síðan að flokka eftir reglunum um sumarið. Drög að flokkunarreglum fyrir útiræktað grænmeti voru kynnt í júlí. Í október var óskað eftir breytingatillögum og haldinn var sérstakur fundur með framleiðendum til að ræða tillögurnar.

Til þess að staðall geti talist íslenskur staðall þarf hann að vera staðfestur af Staðlaráði Íslands. Vinnsla slíkra staðla gerir ráð fyrir því að allir helstu hagsmunaaðilar komi að vinnunni. Vinnan við íslensku flokkunarreglurnar var í samræmi við kröfur Staðlaráðs og því á að vera mögulegt að gera flokkunarreglurnar að íslenskum stöðlum. Það mun taka nokkurn tíma og því er nauðsynlegt að gefa flokkunarreglurnar út nú til að þær verði teknar í notkun.

Gera má ráð fyrir því að flokkunarreglurnar verði endurskoðarar eftir því sem ástæða er til. Því eru allar flokkunarreglurnar merktar með

---

útgáfunúmeri. Eðlilegt er að nokkur tími líði milli útgáfa og má geta þess að hjá Evrópusambandinu tekur endurskoðun staðla langan tíma.

Við samningu íslensku flokkunarreglnanna var stuðst við þá UN/ECE staðla sem fáanlegir voru á fyrri hluta árs 2000. Staðlarnir eru unnir á vegum Sameinuðu þjóðna í sérstakri nefnd fyrir Evrópu (United Nations/Economic Commission for Europe) og eru þeir auðkenndir UN/ECE Standard FFV ásamt númeri (t.d UN/ECE Standard FFV-36 fyrir tómata, síðast endurskoðað 1997). Nefndin hefur samstarf við Evrópusambandið og það gefur síðan út sínar eigin reglur, t.d. EU Standard No. 2 fyrir tómata. Reglurnar eru notaðar í viðskiptum innan sambandsins og til þess. Einstök ríki Evrópusambandsins hafa sínar eigin flokkunarreglur eða staðla og má sem dæmi taka sænsku reglurnar (Fruktrádet, 1994. *Frukt & Grönsaker Handbok*). Þar er að hluta til byggt á stöðlum Evrópusambandsins. Í Bandaríkjunum gefur landbúnaðarráðuneytið út staðla fyrir grænmeti (United States Grade Standards).

Vinnan við flokkunarreglurnar var hluti verkefnisins *Bætt gæði grænmetis frá framleiðanda til neytanda*. Verkefnið var styrkt af Tæknisjóði Rannsóknarráðs, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, grænmetisframleiðendum, Sölufélagi garðyrkjumanna, Nýkaupum og Ísaga.

---

# I Inngangur

Tilgangurinn með flokkunarreglum fyrir grænmeti er að stuðla að jöfnum gæðum íslensks grænmetis og styrkja þannig stöðu íslenskra grænmetisframleiðenda í samkeppni við innflutning. Einnig er stuðlað að bættum hag dreifingarfyrirtækja og smásöluverslunar því grænmetið verður sölulegra, rýrnun verður minni og möguleikar skapast á aukinni sölu. Neytendur njóta góðs af flokkunarreglunum og geta valið einstaka flokka grænmetis eftir eigin óskum.

Hér á landi hefur tilfinnanlega skort samræmdar flokkunarreglur fyrir grænmeti þótt einstök fyrirtæki hafi haft sínar eigin reglur. Þegar erlent grænmeti er flutt til landsins kemur það flokkað í ákveðna gæða- og stærðarflokka. Erlenda grænmetið getur því litið út fyrir að vera jafnara að gæðum en óflokkað íslenskt grænmeti. Íslenskir grænmetisframleiðendur verða því að notfæra sér gæðaflokkun sem lið í baráttunni um markaðinn.

Flokkunarreglurnar verða viðmiðun í viðskiptum með íslenskt grænmeti. Verslanir munu óska eftir ákveðnum gæða- og stærðarflokkum og reikna má með því að óskirnar verði mismunandi eftir einstökum verslunum. Það er því ljóst að nauðsynlegt er að hafa skilgreiningar á gæða- og stærðarflokkum. Flokkunarreglurnar munu auðvelda öll viðskipti með grænmeti.

---

## II Íslenskar flokkunarreglur fyrir grænmeti

Flokkunarreglunum er raðað í stafrófsröð eftir heiti grænmetistegundar og hefur hver tegund sín blaðsíðunúmer. Útgáfunúmer og dagsetningu er alltaf hægt að finna neðst hægra megin á hverri síðu.

Flokkunarreglunum er skipt í eftirtalda kafla:

- I. Lágmarkskröfur
- II. Gæðaflokkun
- III. Stærðarflokkun
- IV. Frávik
- V. Einsleitni, snyrting og pökkun
- VI. Merkingar

### Lágmarkskröfur

Hér eru settar fram lágmarkskröfur sem eiga við alla gæðaflokka.

### Gæðaflokkun

Í kaflanum um flokkun er fjallað um gæðaflokkana *úrvalsflokk*, *I. flokk* og *II. flokk*. Úrvalsflokkur er ekki notaður fyrir sumar grænmetistegundir. Settar eru fram kröfur fyrir hvern flokk en þær þarf að uppfylla til viðbótar við lágmarkskröfur.

### Stærðarflokkun

Stærðarflokkun byggist svo á stærð eða þyngd og er misjafnlega ítarleg eftir grænmetistegundum.

### Frávik

Hér eru sett fram leyfileg frávik sem varða gæði og stærð.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR BLAÐLAUK

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir blaðlauk af tegundinni *Allium porrum* L. sem seldur er ferskur til neytenda, en gilda ekki fyrir blaðlauk sem seldur er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Blaðlaukurinn skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

- Blaðlaukurinn skal vera:
- óskemmdur (gildir þó ekki um rætur eða blaðenda en hvort tveggja má vera skorið og snyrt),
- ferskur útlits,
- heilbrigður og laus við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir blaðlaukinn óhæfan til neyslu.
- hreinn, án leifa áburðar og plöntulyfja, þó má vera lítilsháttar mold á rótunum,
- án sýnilegra einkenna njólunar (blómgunar),
- laus við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Blaðlaukurinn skal vera þannig þroskaður og í því ástandi að hann:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásíðkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar hann kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Blaðlaukur er flokkaður í tvo gæðaflokka: I. flokk og II. flokk.

### 2.1. I. flokkur

Blaðlaukur í þessum flokki skal vera góður og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir.

- blaðlaukurinn skal vera (auk lágmarkskrafna) nánast gallalaus,
- hvíti eða grænhvíti hluti blaðlauksins skal ná yfir a.m.k. þriðjung af heildarlengd blaðlauksins eða helming skaftsins.

Blaðlaukurinn má bera:

- lítilsháttar ytri galla, sem ekki rýra svo að heitið geti almennt útlit hans, gæði og endingu,
- lítilsháttar moldarleifar í skaftinu

### 2.2. II. flokkur

Í þennan flokk fellur blaðlaukur sem ekki uppfyllir kröfur fyrir I. flokk, en nær þó lágmarkskröfum. Hvíti eða grænhvíti hluti blaðlauksins skal ná yfir a.m.k. fjórðung af heildarlengd blaðlauksins eða þriðjung skaftsins.

Blaðlaukurinn má þó:

- vera með stuttan blómstilk inni í skaftinu,
- bera dálítill merki hnjasks og ryðsvepps á blöðunum (aðeins á blöðunum) að því tilskyldu að þær rýri ekki almenn gæði blaðlauksins.
- bera dálitla litagalla,
- vera með lítilsháttar moldarleifar í skaftinu.

### **III. STÆRÐARFLOKKUN**

Stærð blaðlauks ákvarðast út frá mesta þvermáli skaftsins, mælt rétt yfir laukkökunni.

Þvermál skaftsins skal vera a.m.k. 2,0 cm fyrir I. flokk. Fyrir blaðlauk í I. flokki má stærsti blaðlaukurinn í hverri þökkunareiningu ekki vera meira en tvöfalt sverari en sá minnsti. Ekki er gerð krafa um lágmarksstærð í II. flokki.

### **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### **4.1. Gæðakröfur**

##### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% blaðlauksins (miðað við þyngd eða fjölda) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir blaðlaukar að uppfylla kröfur fyrir II. flokk.

##### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% blaðlauksins (miðað við þyngd eða fjölda) uppfylli ekki settar gæðakröfur (hvort heldur er fyrir II. flokk eða lágmarkskröfur). Blaðlaukurinn má þó ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gerir hann óhæfan til neyslu.

#### **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er fyrir I. flokk að allt að 10% blaðlauksins (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki kröfurnar varðandi einsleitni og lágmarksstærð. Þó má enginn blaðlaukur vera grennri en 1,5 cm.

## V. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk og sömu stærð (ef gerð er krafa um stærðarflokkun). Blaðlaukur í úrvals- og I. flokki skal vera af svipuðum þroska og lit í hverri pakkningu. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Snyrting

Blaðlaukurinn skal vera snyrtur. Ræturnar mega vera allt að 1,5 cm langar.

### 5.3. Pökkun

Umbúðirnar skulu veita blaðlauknum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á blaðlauknum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „blaðlaukur“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR BLÓMKÁL

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir blómkál af tegundinni *Brassica oleracea L. var. botrytis L.* sem selt er ferskt til neytenda, en gilda ekki fyrir blómkál sem selt er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Blómkálið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Blómkálshausarnir skulu vera:

- óskemmdir,
- ferskir útlits,
- heilbrigðir og lausir við hverja þá sýki, snikla eða áverka af þeirra völdum, sem gera blómkálið óhæft til neyslu,
- hreinir og án leifa áburðar og plöntulyfja,
- lausir við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Blómkálshausarnir skulu vera þannig þroskaðir og í því ástandi að þeir:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þeir koma á áfangastað.

### II. GÆÐAFLOKKUN

Blómkál er flokkað í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

#### 2.1. Úrvalsflokkur

Blómkál í þessum flokki skal vera gallalaust og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, lit og þroska.

Blómkálshausarnir skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- góðir að lögun og stinnir,
- mjög þéttir í sér,
- jafnt litaðir, hvítir eða dálítið kremhvítir.

Blöðin sem fylgja hausunum skulu vera fersk og heilbrigð.

### **2.2. I. flokkur**

Blómkál í þessum flokki skal vera gott og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir. Þó mega hausarnir bera:

- minniháttar galla í lögun og þroska,
- minniháttar litagalla,
- örlitla mosun.

Blómkálshausarnir skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- þéttir,
- stinnir,
- hvítir eða filabeinshvítir á litinn (engin önnur litabrigði),
- án bletta og gegnumvaxtar eða skemmda af völdum sjúkdóma, meindýra, frosts og hnjasks.

Blöðin sem fylgja hausunum skulu vera fersk og heilbrigð.

### **2.3. II. flokkur**

Í þennan flokk fellur blómkál sem ekki uppfyllir kröfur fyrir úrvals- og I. flokk, en verður þó að uppfylla lágmarkskröfur. Hausarnir mega bera:

- lítilsháttar útlitsgalla,
- dálítið gisinn vöxt,
- gulleitan lit,
- lítilsháttar sólbruna,
- lítilsháttar gegnumvöxt (í mesta lagi 5 fólgræn blöð),
- lítilsháttar mosun (sem ekki virkar sem blaut eða fitug við snertingu).

Auk þessa mega hausarnir bera tvo af eftirfarandi göllum ef þeir bitna ekki á endingu hausanna eða bitna ekki alvarlega á markaðsgildi þeirra:

- lítilsháttar merki meindýra eða sveppasjúkdóma,
- lítilsháttar frostsKemmdir,
- lítilsháttar hnjaskKemmdir.

### III. STÆRÐARFLOKKUN

Stærð blómkálshausanna er ákvörðuð út frá þvermáli þar sem hausinn er breiðastur (hausinn er mældur án blaða).

Þvermál hausa fyrir:

- úrvalsflokk og I.flokk skal vera 10-20 cm,
- II. flokk skal vera a.m.k. 7 cm.

Munur á stærð minnstu og stærstu blómkálshausa í hverri pakkningu skal ekki vera meiri en 5 cm.

### IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### 4.1. Gæðakröfur

##### *Úrvals flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 5% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

##### *I. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

##### *II. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að vera hæfir til neyslu.

## 4.2. Stærðarkröfur

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki stærðarkröfur

## 4.3. Heildarfrávik

Samanlagt mega gæða- og stærðarfrávikin aldrei fara yfir:

- 10% í úrvalsflokki,
- 15% í I. og II. flokki.

## V. EINSLEITNI, SNYRTING OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt. Hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæða- og stærðarflokk, sömu gerð og lögun. Í úrvalsflokki skulu hausarnir auk þess vera einsleitir að lit í hverri pökkunareiningu. Sýnilegt innihald hvorrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Snyrting

Blómkál skal selt snyrt með annarri hvorri neðangreindra aðferða:

(i) Blómkál með hlífðarblöðum. Hausunum skulu fylgja nægilega mörg hlífðarblöð til að verja hausinn. Blöð innstu tveggja raða aðlægra hlífðarblaða skulu mynda hlífðarkransinn. Blöðin skulu vera fersk og græn og skorin svo að nemi við efri brún haussins. Stöngull skal skorinn rétt undir neðsta hlífðarblaði.

(ii) Snyrt blómkál. Hæfilegur fjöldi blaða er skilinn eftir til að hlífa haus. Blöðin skulu vera fersk og græn og snyrt ekki meira en 3 cm frá efri brún haussins. Stöngull skal skorinn rétt undir neðsta hlífðarblaði.

### 5.3. Pökkun

Blómkálinu skal pakkað þétt saman, en þó ekki svo þétt að hausarnir verði fyrir skemmdum af völdum of mikils þrýstings. Ef notaður er pappi eða aðrar umbúðir inni í kössunum skal hann vera hreinn og óskaðlegur fólki. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem er án eitraðra eða varhugaverðra efna og án þess að prentunin komist í snertingu við blómkálið.

Vanda skal sérstaklega pökkun blómkáls í úrvalsflokki, þannig að hausarnir séu mjög vel varðir.

## VI. MERKINGAR

Hver pakking skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „blómkál“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruna:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðunum.

### **Flokkun:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR GULRÓFUR

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir gulrófur af tegundinni *Brassica napus L. var rapifera* sem seldar eru ferskar til neytenda, en gilda ekki fyrir gulrófur sem seldar eru til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Gulrófur skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Gulrófur skulu vera:

- óskemmdar,
- ferskar útlits,
- heilbrigðar og lausar við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir rófurnar óhæfar til neyslu,
- hreinar, þannig að gulrófurnar séu að mestu án grófra jarðvegsleifa eða annarra utanaðkomandi efna,
- ekki trénaðar,
- án njólunar (blómgunar),
- án mikilla hliðarróta,
- án einkenna bórskorts,
- lausar við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Gulrófur skulu vera þannig þroskaðar og í því ástandi að þær:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásíðkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þær koma á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Gulrófur eru flokkaðar í tvo flokka: I. flokk og II. flokk.

### 2.1. I. flokkur

Gulrófur í þessum flokki skulu vera góðar og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir.

Gulrófurnar skulu vera, (auk lágmarkskrafna):

- heilar, að undanskyldum smávægilegum sárum af völdum snyrtingar,
- án einkenna kálmaðks.

Að því tilskyldu að ekki bitni á almennu útliti, gæðum og endingu, mega þær bera eftirfarandi minniháttar galla:

- smávægilega galla í lögun,
- smávægilegar grónar sprungur.

### 2.2. II. flokkur

Í þennan flokk falla gulrófur sem ekki uppfylla kröfurnar fyrir I. flokk en þær verða þó að uppfylla lágmarkskröfurnar.

Gulrófurnar mega bera eftirfarandi útlitsgalla, svo fremi að það skaði ekki einkenni þeirra eða geymsluþol svo heitið geti:

- galla í lögun,
- grónar sprungur,
- dálítill merki kálmaðks.

## III. STÆRÐARFLOKKUN

Stærð gulrófna er ákvörðuð út frá þyngd þeirra. Lágmarksþyngd gulrófna í I. flokki er 350 g og hámarksþyngd 1,2 kg. Þyngsta gulrófan í hverri pökkunareiningu má eigi vera meira en tvisvar sinnum þyngri en sú léttasta. Ekki er gerð krafa um lágmarks- eða hámarksþyngd í II. flokki.

#### **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðar-kröfum.

##### **4.1. Gæðakröfur**

###### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% gulrófna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þær verða þó að uppfylla gæðakröfurnar fyrir II. flokk.

###### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% gulrófna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Þó mega gulrófurnar ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þær óhæfar til neyslu.

##### **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er að allt að 10% gulrófnanna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki stærðarkröfur.

#### **V. EINSLEITNI, SNYRTING OG PÖKKUN**

##### **5.1. Einsleitni**

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

##### **5.2. Snyrting**

Gulrófurnar skulu vera snyrtar. Blöðin skulu vera skopin þannig að ekki hljótist skemmdir af á kollum gulrófnanna. Rætur skulu skornar þannig að ekki myndist óeðlilega stór sár á gulrófunum.

##### **5.3. Pökkun**

Umbúðirnar skulu veita gulrófunum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á gulrófunum. Umbúðirnar mega bera merki með

upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraðra eða varhugaverðra efna.

## **VI. MERKINGAR**

Hver pakkning skal vera greinilega merkt.

### **Framleiðanda/dreifingaraðila:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „gulrófur“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafbrigðis.

### **Uppruna:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðunum.

### **Flokkun:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR GULRÆTUR

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir gulrætur af tegundinni *Daucus carota* L. sem seldar eru ferskar til neytenda en gilda ekki fyrir gulrætur sem seldar eru til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Gulræturnar skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum, ef annað er ekki tekið fram.

Gulræturnar skulu vera:

- óskemmdar,
- ferskar útlits,
- heilbrigðar og lausar við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera gulræturnar óhæfar til neyslu,
- hreinar, þannig að:
- þvegnar gulrætur séu nánast án jarðvegsleifa eða annarra utanaðkomandi efna
- óþvegnar gulrætur séu að mestu án grófra jarðvegsleifa eða annarra utanaðkomandi efna.
- ekki trénaðar,
- stinnar,
- án njólunar,
- að mestu án greiningar eða hliðarróta,
- lausar við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Gulræturnar skulu:

- þola flutning og meðhöndlun,
- vera í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, við komu á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Gulrætur eru flokkaðar í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Gulrætur í þessum flokki skulu vera gallalausar og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, lit og þroska. Gulræturnar skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- heilar,
- með slétta áferð,
- með jafna og góða lögun,
- ósprungnar og óklofnar,
- án höggskemmda,
- án frostskemda,
- toppar rótanna mega hvorki vera grænir né fjólubláleitir á litinn.

### 2.2. *I. flokkur*

Gulrætur í þessum flokki skulu vera góðar og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir. Gulræturnar skulu vera heilar (auk lágmarkskrafna).

Að því tilskyldu að ekki bitni á almennu útliti rótanna, gæðum eða endingu mega þær bera eftirfarandi minniháttar galla:

- smávægilega galla í lögun,
- smávægilega litagalla,
- smávægilegar, grónar sprungur,
- smávægilegar sprungur sem myndast hafa við þvott og aðra meðhöndlun.

Allt að 1 cm af topp gulróta, sem eru styttri en 8 cm, má vera grænn eða fjólublár á litinn. Ef gulrætur eru lengri en 8 cm mega allt að 2 cm af toppi þeirra vera grænir eða fjólubláir.

### 2.3. *II. flokkur*

Í þennan flokk falla gulrætur sem ekki uppfylla kröfurnar fyrir úrvalsflokk eða I. flokk en ná þó lágmarkskröfum.

Þær mega bera:

- galla í lögun og lit,
- grónar sprungur sem ná ekki inn í kjarna,
- sprungur sem myndast hafa við þvott og aðra meðhöndlun.

Í II. flokki mega allt að 25% gulrótanna (miðað við þyngd) vera brotnar í sundur. Allt að 2 cm af topp gulróta sem eru styttri en 8 cm, mega vera grænir eða fjólubláir á litinn og allt að 3 cm fyrir aðrar gulrætur.

### **III. STÆRÐARFLOKKUN**

Stærð gulróta sem seldar eru án blaða er ákvörðuð út frá þyngd rótanna. Stærð gulróta sem seldar eru með blöðum er ákvörðuð út frá þvermáli rótanna við topp (blaðfestu). Gulrætur án blaða skulu vera a.m.k. 8 g að þyngd og gulrætur með blöðum skulu vera a.m.k. 10 mm í þvermál.

Gulrætur í úrvalsflokki skulu vera 25-120 g að þyngd þegar þær eru seldar án blaða og 20-40 mm að þvermáli þegar þær eru seldar með blöðum. Eigi má vera meiri en þrefaldur þyngdarmunur á milli léttustu og þyngstu gulrótanna í hverri þakkingu í úrvalsflokki og I. flokki. Gulrætur í II. flokki þurfa aðeins að uppfylla kröfur um lágmarksstærð.

### **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (þakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### **4.1. Gæðakröfur**

##### ***Úrvals flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% gulrótanna (miðað við þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en allar gulræturnar verða þó að uppfylla kröfurnar fyrir I. flokk. Allt að 5% gulrótanna (miðað við þyngd) mega bera lítilsháttar grænan eða fjólubláan litablæ í toppinn.

### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% gulrótanna (miðað við þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en allar gulræturnar verða þó að uppfylla kröfur fyrir II. flokk.

Allt að 10% gulrótanna (miðað við þyngd) mega vera brotnar eða án eðlilegs rötarenda.

### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% gulrótanna (miðað við þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur (hvort heldur er fyrir II. flokk eða lágmarkskröfur). Gulræturnar mega þó ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þær óhæfar til neyslu.

## **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er að allt að 10% gulrótanna (miðað við þyngd) uppfylli ekki stærðarkröfur.

## **V. EINSLEITNI, SNYRTING OG PÖKKUN**

### **5.1. Einsleitni**

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk, sömu gerð og stærð (ef gerð er krafa um stærðarflokkun). Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### **5.2. Snyrting**

Gulrætur má hvort heldur sem er selja með eða án blaða:

1) Búntaðar saman með blöðum:

Blöðin skulu vera heilbrigð, fersk og græn á litinn.

Gulræturnar skulu vera af svipaðri stærð í hverju búnti og búntin skulu vera af svipaðri þyngd.

2) Án blaða:

Blöðin skulu vera skorin þannig að ekki hljótist skemmdir af á rötunum.

## 5.2. Þökkun

Umbúðirnar skulu veita gulrótunum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á gulrótunum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „gulrætur“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR GÚRKUR

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir gúrkur af tegundinni *Cucumis sativus L.* sem seldar eru ferskar til neyslu, en taka ekki til gúrkna sem seldar eru til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Gúrkur skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Aldin skulu vera:

- óskemmd,
- fersk útlits og stinn,
- heilbrigð og laus við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera þau óhæf til neyslu,
- hrein, nánast án hvers konar utanaðkomandi efna,
- án beisks/biturs bragðs,
- laus við óeðlilega lykt og/eða bragð,
- eðlilega þroskuð, með linan kjarna sem ekki er farin að þroska fræ,
- vera án kuldaskemmda.

Aldin skulu vera í því ástandi að þau:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þau koma á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Gúrkur eru flokkaðar í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

Kröfur um þyngd og lengd eiga ekki við um smágúrkur.

### 2.1 *Úrvalsflokkur*

Gúrkur í þessum flokki skulu vera gallalausar og bera alla eiginleika viðkomandi afbrigðis.

Aldin skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- vel þroskuð og vel fyllt,
- mjög góð að lögun og nánast bein (hámarkssveigja er 10 mm fyrir hverja 10 cm af lengd aldinsins),
- með þann aldinlit sem er einkennandi fyrir afbrigðið,
- gallalaus, t.d. að útliti og þroska kjarnans,
- með stilk sem er að lágmarki 1 cm að lengd,
- 40 cm að hámarkslengd hvert aldin.

### 2.2 *I. flokkur*

Gúrkur í þessum flokki skulu vera góðar og bera alla eiginleika viðkomandi afbrigðis.

Aldin í þessum flokki skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- allvel þroskuð,
- góð að lögun og nánast bein (hámarks sveigja er 10 mm fyrir hverja 10 cm af lengd aldins),
- með stilk sem er að lágmarki 1 cm að lengd.

Aldin mega bera eftirfarandi galla:

- minniháttar galla í lögun, þó ekki galla sem stafa af óeðlilegum þroska kjarnans,
- minniháttar litagalla, t.d. ívið ljósari aldinlit á þeim hluta aldinsins sem hefur legið að jörðu,
- minniháttar grónar sprungur eða rispur í aldinhúð, t.d. af völdum lítils háttar hnjasks eða lágs hita, að því tilskyldu að þær rýri ekki geymsluþol aldinanna.

### **2.3. II. flokkur**

Í þennan flokk falla gúrkur sem ekki uppfylla kröfur fyrir úrvals- og I. flokk, en verða þó að uppfylla lágmarkskröfur.

Aldin mega bera eftirfarandi galla:

- smávægilega galla í lögun, ef þeir stafa ekki af ofþroskuðum kjarna,
- smávægilega litagalla sem ná yfir allt að 1/3 hluta yfirborðsins,
- grónar aldinsprungur,
- minniháttar útlitsskemmdir af völdum meðhöndlunar, að því tilskyldu að þær rýri ekki geymsluþol aldinanna.

Einungis beinar og allbeinar gúrkur mega bera framangreinda galla. Allbeinar gúrkur mega bera boga sem nemur allt að 20 mm fyrir hverja 10 cm af lengd aldins.

Aldin með meiri boga en sem nemur 20 mm fyrir hverja 10 cm af lengd þess verða að vera nánast gallalaus að öðru leyti en sem nemur boganum og minniháttar litagöllum. Bognum aldinum má ekki pakka saman með beinum og allbeinum aldinum í umbúðir.

## **III. STÆRÐARFLOKKUN**

Eftirfarandi stærðarflokkun gildir aðeins fyrir úrvalsflokk og I. flokk:

- Aldin sem eru 250–500 g að þyngd skulu vera a.m.k. 20 cm löng.
- Aldin sem eru yfir 500 g að þyngd skulu vera a.m.k. 30 cm löng.

## **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (pakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### **4.1. Gæðakröfur**

##### ***Úrvalsflokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

##### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

##### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Þó mega aldin ekki bera rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þau óhæf til neyslu. Leyfilegt er að allt að 2% aldina, miðað við fjölda, hafi beiska aldinenda.

#### **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er að allt að 5% af fjölda aldinanna uppfylli ekki stærðarkröfur. Frávikið má þó ekki vera meira en 10% frá settum þyngdar- og lengdarmörkum.

### **V. EINSLEITNI OG PÖKKUN**

#### **5.1. Einsleitni**

Innihald hverrar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda aldin af sama uppruna, sömu gerð, gæðum og stærð (ef gerð er krafa um stærðarflokkun í viðkomandi flokki). Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

#### **5.2. Pökkun**

Umbúðirnar skulu veita aldinum viðunandi vörn. Aldinum skal það þétt pakkað saman að þeim sé ekki hættu búin af hnjaski í flutningi.

Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á aldinum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## **VI. MERKINGAR**

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðanda/dreifingaraðila:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „gúrkur“ eða „smágerðar gúrkur“).

### **Uppruna:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða gæðaflokk sé að ræða. Þegar gerð er krafa um stærðarflokkun skal stærðarflokkurinn koma fram.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR HÖFUÐKÁL

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir höfuðkál af tegundunum *Brassica oleracea L. var. capitata* (hvítkál, rauðkál og toppkál) og *Brassica oleracea L. var. sabauda* (blöðrukál) sem selt er ferskt til neytenda, en gilda ekki fyrir höfuðkál sem selt er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Kálið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Kálhausarnir skulu vera:

- óskemmdir, án sprungna og án einkenna blómmyndunar,
- ferskir útlits,
- heilbrigðir og lausir við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera kálið óhæft til neyslu,
- hreinir, án leifa áburðar og plöntulyfja,
- lausir við óeðlilega lykt og/eða bragð,
- án höggskemmda,
- án frostskemmda.

Hausarnir skulu vera þannig þroskaðir og í því ástandi að þeir:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásíðkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þeir koma á áfangastað.

Stöngullinn skal vera skorinn rétt undir neðstu blaðstilkunum.

Skurðurinn má ekki valda því að losni um neðstu blöðin og skurðflöturinn skal vera jafn.

## II. GÆDAFLOKKUN

Höfuðkál er flokkað í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Höfuðkál í þessum flokki skal vera gallalaust og bera öll einkenni viðkomandi tegundar og afbrigðis hvað varðar lögum, lit og þroska, þar á meðal varðandi þéttleika hausa.

Hausarnir skulu vera stinnir og þéttir (auk lágmarkskrafna). Blöðin skulu umlykja hausinn vel en þetta er þó mismunandi eftir afbrigðum. Leyfilegt er við snyrtingu að fjarlægja nokkur ystu blaðanna á vetrarkáli. Sumarkál og blöðrukál skal snyrta í samræmi við eiginleika viðkomandi afbrigðis og skilja eftir að auki um tvö blöð utan við hausinn til hlífðar.

### 2.2. *I. flokkur*

Höfuðkál í þessum flokki skal vera gott og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir.

Hausarnir skulu vera, auk (lágmarkskrafna):

- þéttir,
- nánast gallalausir.

Hausarnir mega bera:

- minniháttar galla í lögum og þroska,
- minniháttar litagalla,
- smáar sprungur í ystu blöðunum,
- lítilsháttar skemmdir af völdum hnjasks og snyrtingar á ystu blöðunum, að því tilskyldu að þær rýri ekki almenn gæði haussins,
- blöðrukál má bera lítilsháttar frostsKemmdir.

Blöðin skulu, umlykja hausinn vel en þetta er þó mismunandi eftir afbrigðum. Leyfilegt er við snyrtingu að fjarlægja nokkur ystu blaðanna á vetrarkáli. Sumarkál og blöðrukál skal snyrta í

samræmi við eiginleika viðkomandi afbrigðis og skilja eftir að auki um tvö blöð utan við hausinn til hlífðar.

### **2.3. II. flokkur**

Í þennan flokk fellur höfuðkál sem ekki uppfyllir kröfurnar fyrir úrvals- og I. flokk en nær þó lágmarkskröfunum.

Samanborið við I. flokk er leyfilegt að:

- kálið beri dálítið stærri sprungur á ystu blöðunum,
- snyrta í burtu fleiri af ystu blöðunum,
- ystu blöðin beri meiri skemmdir af völdum hnjask og snyrtingar,
- hausarnir séu ekki eins þétt vafnir.

## **III. STÆRÐARFLOKKUN**

Stærð höfuðkáls er ákvörðuð út frá þyngd þess. Hver haus skal vera a.m.k. 350 g að þyngd. Þyngsti hausinn í hverri þökkunareiningu má eigi vera meira en tvöfalt þyngri en sá léttasti.

## **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (pakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

### **4.1. Gæðakröfur**

#### **Úrvals flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 5% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að uppfylla kröfurnar fyrir I. flokk.

#### **I. flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að uppfylla kröfurnar fyrir II. flokk.

#### **II. flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur (hvort heldur er fyrir II. flokk eða lágmarkskröfur). Hausarnir mega þó ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þá óhæfa til neyslu.

## 4.2. Stærðarkröfur

Stærðarkröfur þessar gilda aðeins fyrir úrvals- og I. flokk. Leyfilegt er fyrir báða flokkana að allt að 10% hausanna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki kröfurnar varðandi einsleitni og lágmarksþyngd.

## V. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk og sömu gerð. Höfuðkál í úrvalsflokki skal vera jafnt að lögun og lit í hverri pakkningu. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Pökkun

Umbúðirnar skulu veita kálhausunum viðunandi vörn. Sumarkáli skal pakkað í pappa-kassa en annað kál má afhenda í lausu. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á kálinu. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „hvítkál“, „rauðkál“, „blöðrukál“ o.s.frv.) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðunum.

### **Flokkun:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR KÍNAKÁL

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir kínakál af tegundinni *Brassica pekinensis Rupr.* sem selt er ferskt til neytenda, en gilda ekki fyrir kínakál sem selt er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Kínakálið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Kálhausarnir skulu vera:

- óskemmdir, þó má fjarlægja nokkur ystu blaðanna,
- ferskir útlits,
- heilbrigðir og lausir við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera kínakálið óhæft til neyslu,
- hreinir, án leifa áburðar og plöntulyfja,
- án sýnilegra einkenna njólunar (blómgunar),
- án óeðlilegs raka að utanverðu,
- lausir við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Kálhausarnir skulu vera þannig þroskaðir og í því ástandi að þeir:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásíðkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þeir koma á áfangastað.

Stöngull skal vera skorinn rétt undir neðstu blaðstilkunum. Skurðurinn má ekki valda því að losni um neðstu blöðin og skurðflöturinn skal vera jafn.

## II. GÆDAFLOKKUN

Kínakál er flokkað í þrjá flokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Ekki eru gerðar jafnmiklar kröfur um lit á kínakáli úr geymslu eins og á nýuppteknu káli.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Kínakál í þessum flokki skal vera gallalaust og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, lit og þroska, þar á meðal varðandi þéttleika hausa. Hausarnir skulu vera mjög góðir að lögun, stinnir og þéttir (auk lágmarkskrafna).

### 2.2. *I. flokkur*

Kínakál í þessum flokki skal vera gott og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir.

Kálhausarnir skulu vera, auk (lágmarkskrafna):

- þéttir,
- nánast gallalausir.

Kálhausarnir mega bera:

- minniháttar galla í lögun og þroska,
- minniháttar litagalla,
- minniháttar kuldaskemmdir („svartar æðar“),
- minniháttar dopper á blöðunum,
- lítilsháttar skemmdir af völdum hnjasks og snyrtingar á ystu blöðunum, að því tilskyldu að þær rýri ekki almenn gæði haussins,
- stuttan blómstöngul, sem má vera allt að 1/3 af lengd haussins.

### 2.3. *II. flokkur*

Í þennan flokk fellur kínakál sem ekki uppfyllir kröfurnar fyrir úrvalsflokk eða I. flokk en það verður þó að uppfylla lágmarkskröfur.

Kálhausarnir mega bera:

- dálitla galla í lögun og þroska (m.a. þéttleika),
- dálitla litagalla,

- dálitlar skemmdir af völdum hnjasks og snyrtingar á ystu blöðunum, að því tilskyldu að þær rýri ekki almenn gæði haussins,
- dálitlar frost- og kuldaskemmdir („svartar æðar“),
- dálitlar doppur á blöðunum,
- blómstöngul, sem má vera allt að 1/2 af lengd haussins.

### III. STÆRÐARFLOKKUN

Stærð kínakáls er ákvörðuð út frá þyngd þess og gildir hún aðeins fyrir úrvalsflokk og I. flokk. Lágmarksþyngd hausa í úrvals- og I. flokki er 350 g og hámarksþyngd 1,25 kg. Þyngsti hausinn í hverri þökkunareiningu má eigi vera meira en tvisvar sinnum þyngri en sá léttasti.

### IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (þakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### 4.1. Gæðakröfur

##### *Úrvalsflokkur:*

Leyfilegt er að allt að 5% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur en þeir verða þó að uppfylla gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

##### *I. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur en þeir verða þó að uppfylla gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

##### *II. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Hausarnir mega þó ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þá óhæfa til neyslu.

## 4.2. Stærðarkröfur

Leyfilegt er fyrir úrvalsflokk og I. flokk að allt að 10% hausanna (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki kröfur varðandi einsleitni og stærðarflokkun.

## V. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk. Kínakál í úrvalsflokki skal vera jafnt að lögun og lit í hverri pakkningu. Sýnilegt innihald hvorrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Pökkun

Umbúðirnar skulu veita kálhausunum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu vera hreinar að innanverðu og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á kálinu. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraðra eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „kínakál“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR PAPRIKU

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir papriku af tegundinni *Capsicum annuum L.* sem seld er fersk til neyslu, en gilda ekki fyrir papriku sem seld er til vinnslu. Stærðarkröfur eiga ekki við um ílöng aldin (gerð: „peperoncini“) af tegundinni *Capsicum annuum L. var. longum*, en þau skulu vera a.m.k. 5 cm að lengd.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Paprika skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum. Hún skal vera:

- óskemmd,
- fersk útlits,
- heilbrigð og laus við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir hana óhæfa til neyslu,
- hrein, nánast án hvers konar utanaðkomandi efna,
- vel þroskuð,
- án ógróinna sprungna,
- án skemmda af völdum sólbruna (sjá þó nánar um II. flokk),
- með aldinstilk,
- laus við óeðlilega lykt og/eða bragð,
- án kuldaskemmda

Aldin skulu vera þannig þroskuð og í því ástandi að þau:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þau koma á áfangastað.

## II. GÆÐAFLOKKUN

Paprika er flokuð í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Paprika í þessum flokki skal vera gallalaus og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis og þroskastigs.

Paprikan skal vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskuð,
- stinn,
- óaðfinnanleg að lögun,
- einlit,
- laus við yfirborðsgalla,
- með stilk sem er a.m.k. 1 cm að lengd,
- a.m.k. 120 g að þyngd.

### 2.2. *I. flokkur*

Paprika í þessum flokki skal vera góð og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis og þroskastigs.

- eðlilega þroskuð,
- vel stinn,
- góð að lögun,
- einlit,
- að mestu laus við yfirborðsgalla,
- með stilk sem er a.m.k. 1 cm að lengd.

Aldinstilkurinn má bera smávægilegar skemmdir eða vera skorinn/klipptur, að því tilskyldu að bikarblöðin séu óskemmd.

### 2.3. *II. flokkur*

Í þennan flokk fellur paprika sem ekki uppfyllir kröfur fyrir úrvals- og I. flokk, en verður þó að uppfylla lágmarkskröfurnar. Paprika í þessum flokki má vera dálítið útlitsgölluð, en þó ekki meira en svo að hún uppfylli lágmarkskröfur.

Paprikan skal vera

- þokkalega stinn,
- án opinna sprungna.

Paprikan má bera eftirfarandi útlitsgalla, svo fremi að það skaði ekki einkenni hennar né geymsluþol svo heitið geti:

- smávægilega galla að lögun og þroska,
- smávægilega sviðnun af völdum sólbruna eða lítil gróin sár sem þekja í mesta lagi  $1 \text{ cm}^2$  af yfirborði aldinsins eða allt að 2 cm að lengd þegar um ilöng sár er að ræða,
- þurrar sprungur í yfirborði aldinanna, en þó samanlagt ekki lengri en 3 cm,
- aldinin þurfa ekki að vera alveg stinn, en þó ekki hrukkótt,
- aldinstilkur má bera skemmdir eða vera skorinn.

### III. STÆRÐARFLOKKUN

Flokka skal paprikur í eftirfarandi þyngdarflokka:

#### **Þyngdarflokkar**

70-120 g

120-170 g

Yfir 170 g

### IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### **4.1. Gæðakröfur**

##### ***Úrvalsflokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Þó mega aldinin ekki bera rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þau óhæf til neyslu.

### **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er að allt að 5% aldinanna, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki stærðarkröfur. Frávikið má þó eigi vera meira en 20 g frá þyngdarmörkum flokks en þó ekki niður fyrir 70 g.

## **V. EINSLEITNI OG PÖKKUN**

### **5.1. Einsleitni**

Innihald hverrar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda aldin af sama uppruna, sömu gerð, gæðum og stærð. Aldin í úrvals- og I. flokki skulu vera mjög svipuð að þroskastigi og lit. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

Þó má blanda saman aldinum af mismunandi lit ef þau eru einsleit hvað varðar uppruna, gerð, gæði og stærð. Við sölu papriku af mismunandi litum er ekki gerð krafa um að öll aldinin séu af sama uppruna þegar um litlar pökkunareiningar (1 kg og léttari) er að ræða.

### **5.2. Pökkun**

Umbúðirnar skulu veita aldinum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á aldinum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## **VI. MERKINGAR**

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðanda/dreifingaraðila:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „paprika“ ásamt lit eða litum). Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafríðis.

Ef um er að ræða „Peperoncini“ er skylda að merkja umbúðirnar þannig að það komi greinilega fram.

### **Uppruna:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR SALAT

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir eftirtaldar salattegundir ásamt þeim kynblend-ingum, stofnum og afbrigðum sem af þeim eru komin:

- **Smjörsalat** (head lettuce - *Lactuca sativa* var. *capitata*).
- **Íssalat / jöklasalat** (iceberg lettuce - *Lactuca sativa* var. *capitata*).
- **Blaðsalat** (*Lactuca sativa* var. *crispa* - t.d. „Lollo Rosso“).
- **Rómverskt salat** (cos- eða romaine lettuce - *Lactuca sativa* var. *longiflora*).
- **Salatfífill**: Hrokkinblaða salatfífill (curled leaved endives, t.d. „Frisée“ - *Cichorium endiva* var. *Crispa*) og sléttblaða salatfífill (broad leaved endives (escariol) - *Cichorium endiva* var. *latifolium*).

Flokkunarreglur þessar gilda eingöngu fyrir salat sem selt er ferskt og án róta, en ekki fyrir salat sem ætlað er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Salatið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Salatið skal vera:

- óskemmt,
- ferskt útlits,
- heilbriggt, það skal vera laust við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir það óhæft til neyslu,
- stínt og safaspennt,
- hreint, þ.e.a.s. að mestu án moldar og leifa rótarbeðsefna á blöðum og nánast án hvers konar utanaðkomandi efna. Skola má salatið úr rennandi, köldu vatni ef með þarf,
- vel snyrt og skal stöngullinn þverskorin rétt neðan við neðsta heila blað,

- án njólunar (blómgunar),
- laust við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Leyfilegt er að höfuðsalat beri lítilsháttar rauðleitan blæ sem stafar af lágum hita á ræktunarskeiðinu, svo fremi að það rýri ekki svo heitið geti heildarútlit salathaussins.

Salatið skal vera þannig þroskað og í því ástandi að það:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar það kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Salat er flokkuð í þrjá **gæðaflokka**: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Salat í þessum flokki skal vera gallalaust og bera öll einkenni viðkomandi tegundar og afbrigðis.

Salatið skal vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskað og án útlitsgalla,
- mjög fallett að lögun og lit,
- stínt.

Höfuðsalat (smjörsalat og íssalat/jöklasalat) skal vera með vel lagaðan haus, þó mega hausar höfuðsalats úr gróðurhúsi og rómversks salats vera lakari að lögun.

Miðja hrokkinblaða og sléttblaða salatsfífls skal vera gul á litinn.

Salatið skal auk þess flokkað í eftirfarandi **stærðarflokka**:

<i><u>Smjörsalat</u></i>	<i><u>Íssalat/jöklasalat</u></i>	<i><u>Salatfífl</u></i>
90-130 g		
130-200 g	250-350 g	200-300 g
200-300 g	350-450 g	300-400 g
Yfir 300 g	yfir 450 g	yfir 400 g

### **2.2. I. flokkur**

Salat í þessum flokki skal vera gott og bera öll einkenni viðkomandi tegundar og afbrigðis.

Salatið skal vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskað og nánast án útlitsgalla,
- fallett að lögun og lit,
- stínt.

Höfuðsalat (smjör Salat og íssalat/jöklasalat) skal vera með vel lagaðan haus, þó mega hausar höfuðsalats úr gróðurhúsi og rómversks salats vera lakari að lögun.

Miðja hrokkinblaða og sléttblaða salatsfífls skal vera gul á litinn.

Salatið skal auk þess flokkað í eftirfarandi **stærðarflokka**:

<u>Smjör Salat</u>	<u>Íssalat/jöklasalat</u>	<u>Salatfífl</u>
60-90 g	150-250 g	100-200 g
90-130 g	250-350 g	200-300 g
130-200 g	350-450 g	300-400 g
yfir 200 g	yfir 450 g	yfir 400 g

### **2.3. II. flokkur**

Salat í þessum flokki má vera dálítið útlitsgallað, en þó ekki meira en svo að það uppfylli lágmarkskröfur.

Salatið skal vera:

- -allgott að lögun,
- -án skemmda eða galla sem draga verulega úr neysluhæfni.

Salatið má bera:

- -lítlisháttar mislitun,
- -lítlisháttar skemmdir af völdum meindýra.

Hausar höfuðsalats mega vera tiltölulega lausir í sér.

Salatið skal auk þess flokkað í eftirfarandi **stærðarflokka**:

<u>Smjörsalat</u>	<u>Íssalat/jöklasalat</u>	<u>Salatfífill</u>
40-60 g	100-150 g	60-100 g
60-90 g	150-250 g	100-200 g
90-130 g	250-350 g	200-300 g
130-200 g	350-450 g	300-400 g
yfir 200 g	Yfir 450 g	yfir 400 g

### III. FRÁVIK

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### 3.1. Gæðakröfur

##### *Úrvals flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 5% salatshausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

##### *I. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% salatshausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

##### *II. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% salatshausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Þó mega hausarnir ekki bera rot eða aðrar þær skemmdir sem gera þá óhæfa til neyslu.

#### 3.2. Stærðarkröfur

Leyfilegt er að allt að 10% af fjölda hausanna uppfylli ekki stærðarkröfur. Frávikið má þó eigi vera meira en 10% frá stærðarkröfum viðkomandi flokks.

## **IV. EINSLEITNI OG PÖKKUN**

### **4.1. Einsleitni**

Innihald hverrar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda salat af sama uppruna, sömu gerð, gæðum og stærð. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### **4.2. Pökkun**

Umbúðirnar skulu veita salathausunum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á hausunum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

Salatinu skal pakkað í raðir og í mesta lagi í þremur hæðum (lögum). Höfuðsalat og „hrokkinblaða salatfíll“ sem pakkað er í tveimur hæðum skal snúa þannig að toppar hausanna snúi saman ef hver haus er ekki sérpakkaður eða lögin ekki aðskilin á viðunandi hátt. Þegar salatinu er pakkað í þrjár hæðir skal gengið frá tveimur þeirra eins og að framan greinir.

„Sléttblaða salatfíll“ skal pakkað annað hvort með haus á móti haus (sbr. „hrokkinblaða salatfíll“) eða liggjandi. Rómversku salati skal pakkað liggjandi. Salatinu skal pakkað í samræmi við stærð umbúðanna, þannig hvorki sé of þétt eða gisið á milli hausanna.

## **V. MERKINGAR**

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „smjörsalat“, „íssalat/jöklasalat“, „rómverskt salat“, „hrokkinblaða salatfífill“, „sléttblaða salatfífill“ o.s.frv.) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðunum.

### **Flokkun:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR POTTASALAT

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir blaðsalat (*Lactuca sativa var. crispa*) sem ræktað er og selt í pottum.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Salatið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur.

Salatið skal vera:

- ferskt útlits,
- heilbrigt og laust við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir salatið óhæft til neyslu,
- hreint, þ.e.a.s. að mestu án hvers konar utanaðkomandi efna,
- án sýnilegs blómstönguls,
- laust við óeðlilega lykt og/eða bragð,
- án myglu

Salatið skal vera þannig þroskað og í því ástandi að það:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar það kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Pottasalat er flokkað í tvo gæðaflokka: I. flokk og II. flokk.

### 2.1. I. flokkur

Salatið skal vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskað,
- gott að lögun,
- með eðlilegan lit viðkomandi afbrigðis,
- a.m.k. 200 g að þyngd, án rótarhauss. Ekki er leyfilegt að pakka tveimur eða fleiri plöntum saman í poka til að uppfylla kröfur um lágmarksþyngd.

### 2.2. II. flokkur

Gerðar eru sömu gæðakröfur til pottasalats í II. flokki og í I. flokki, að því undanskyldu að leyfilegt er að pakka tveimur plöntum saman í poka til að uppfylla lágmarksþyngd.

## III. FRÁVIK

Leyfilegt er að allt að 10% salatshausanna uppfylli ekki settar gæða- eða stærðarkröfur.

## IV. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 4.1. Einsleitni

Innihald hverrar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda salat af sama uppruna, sömu gerð, gæðum og stærð. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 4.2. Pökkun

Umbúðirnar skulu veita salathausunum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á hausunum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittra eða varhugaverðra efna. Salatinu skal pakkað í

samræmi við stærð umbúðanna, þannig að hvorki sé of þétt eða gisið á milli hausanna.

## **V. MERKINGAR**

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „pottasalat“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR SPERGILKÁL

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir spergilkál af tegundinni *Brassica oleracea var. italica* sem selt er ferskt til neytenda en gilda ekki fyrir spergilkál sem selt er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Spergilkálið skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Hausarnir skulu vera:

- óskemmdir,
- ferskir útlits,
- heilbrigðir og lausir við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera þá óhæfa til neyslu,
- hreinir, án leifa áburðar og plöntulyfja,
- lausir við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Spergilkálið skal vera þannig þroskað að það:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar það kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Spergilkál er flokkað í tvo gæðaflokka: I. flokk og II. flokk.

### 2.1. I. flokkur

Spergilkál í þessum flokki skal vera gott og bera eiginleika viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, lit og þroska.

Hausarnir skulu vera, auk (lágmarkskrafna):

- góðir að lögun og stinnir,
- vel fylltir og þéttir í sér,
- fallega grænir,
- án sýnilegra blóma,
- nánast gallalausir.

Stilkarnir mega einungis vera lítilsháttar trénaðir.

### 2.2. II. flokkur

Í þennan flokk fellur spergilkál sem ekki uppfyllir kröfurnar fyrir I. flokk en nær þó lágmarkskröfunum.

Hausarnir mega bera:

- lítilsháttar útlitsgalla,
- dálítið gisinn vöxt,
- dálítil gul blóm.

Auk þessa mega hausarnir bera tvo af eftirfarandi göllum ef þeir bitna ekki á endingu hausanna eða bitna ekki alvarlega á markaðsgildi þeirra:

- lítilsháttar merki skaðvalda (þó ekki rotnun),
- lítilsháttar frostskemmdir,
- lítilsháttar hnjaskkemmdir.

Stilkarnir mega vera farnir að tréna.

### **III. STÆRÐARFLOKKUN**

Stærð spergilkálsins er ákvörðuð út frá lengd stilka og mesta þvermáli hausa. Með lengd stilks er átt við lengd hans frá skurðarenda þar til hann fer að kvíslast.

Stærðarkröfur eru eftirfarandi:

- Spergilkál í I. flokki skal vera 5-7 cm að lengd (stíkar) og a.m.k. 7 cm í þvermál.
- Spergilkál í II. flokki skal vera 5-7 cm að lengd (stíkar) og getur verið undir 7 cm í þvermál.

### **IV. FRÁVIK**

Í hverjum flokki (pakkningu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### **4.1. Gæðakröfur**

##### ***I. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur en þó verða þessir hausar að uppfylla kröfur fyrir II. flokk. Engin gul blóm eru leyfð í I. flokki.

##### ***II. flokkur:***

Leyfilegt er að allt að 10% hausanna uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verða þessir hausar að vera hæfir til neyslu.

#### **4.2. Stærðarkröfur**

Leyfilegt er fyrir báða gæðaflokkana að allt að 10% hausanna séu utan þeirra stærðar-marka sem flokkað er eftir.

#### **4.3. Heildarfrávik**

Samanlagt mega gæða- og stærðarfrávikin aldrei fara yfir 15% í I. og II. flokki.

## V. EINSLEITNI, SNYRTING OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pökkunareiningar skal vera einsleitt og hver pökkunareining má aðeins innihalda einn gæðaflokk. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Pökkun

Heimilt er að búa til spergilkálið saman. Umbúðir skulu veita kálinu viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi ekki skemmdum á kálinu. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða línur sem eru án eittra eða varhugaverðra efna.

Þegar spergilkáli er pakkað í plast skal það hafa náð því hitastigi sem næst við geymslu í kæli fyrir spergilkál.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „spergilkál“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsveld sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafbrigðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR STEINSELJU

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir hrokkinblaða steinselju af tegundinni *Petroselinum crispum* sem seld er fersk til neyslu, en gilda ekki fyrir steinselju sem seld eru til vinnslu, né heldur fyrir sléttblaða steinselju og rótarsteinselju.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Steinseljan skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Steinseljan skal vera:

- óskemmd,
- fersk útlits,
- heilbrigð og laus við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera steinseljuna óhæfa til neyslu,
- hrein, nánast án hvers konar utanaðkomandi efna,
- laus við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Steinseljan skal vera þannig þroskuð og í því ástandi að hún:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásíðkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar hún kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Steinselja er flokkuð í tvo gæðaflokka: I. flokk og II. flokk.

### 2.1. I. flokkur

Steinselja í þessum flokki skal vera góð og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, útlit og þroska.

Steinseljan skal vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskuð,
- blöðin skulu vera fagurlega hrokkin,
- blöðin skulu vera fallega græn að lit,
- blaðstilkurinn skal vera a.m.k. 10 cm langur og með hreinan skurðflöt.

### 2.2. II. flokkur

Í þennan flokk fellur steinselja sem ekki uppfyllir kröfur fyrir I. flokk, en verður þó að uppfylla lágmarkskröfur.

## III. STÆRÐ OG ÞÖKKUN

Steinselju skal búntað í lítil knippi eða pakkað í litla plastpoka. Hvert búnt eða poki skal vega a.m.k. 30 g.

## IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (pakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

### I. flokkur

Leyfilegt er að allt að 5% steinseljunnar (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en hún verður þó að uppfylla kröfurnar fyrir II. flokk.

### II. flokkur

Leyfilegt er að allt að 5% steinseljunnar (miðað við fjölda eða þyngd) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en hún verður þó að uppfylla lágmarkskröfurnar.

## V. EINSLEITNI OG UMBÚÐIR

### 5.1. Einsleitni

Innihald hverrar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda steinselju af sama uppruna, sömu gerð og gæðum. Sýnilegt innihald hverrar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Umbúðir

Umbúðirnar skulu veita steinseljunni viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi ekki skemmdum á steinseljunni. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „steinselja“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.



## FLOKKUNARREGLUR FYRIR STILKSELLERÍ

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir stilksellerí af tegundinni *Apium graveolens L. var. dulce Mill.* sem selt er ferskt til neytenda en gilda ekki fyrir stilksellerí sem selt er til vinnslu.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Stilksellerí skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Stilkselleríið skal vera:

- óskemmt og heilt, þó má efri hluti stilksellerísins vera snyrtur,
- ferskt útlits,
- heilbriggt og laust við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gerir stilkselleríið óhæft til neyslu,
- hreint, án leifa áburðar og plöntulyfja,
- án frostskemmda,
- án óeðlilegra holrýma, rótarsprota og blómstilks,
- laust við óeðlilega lykt og/eða bragð.

Stilkselleríið skal vera þannig þroskað miðað við árstíma og í því ástandi að það:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- sé í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar það kemur á áfangastað.

## II. GÆDAFLOKKUN

Stilksellerí er flokkað í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

### 2.1. *Úrvalsflokkur*

Stilksellerí í þessum flokki skal vera gallalaust og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, lit og þroska. Stilksellerið skal vera (auk lágmarkskrafna):

- mjög gott að lögun,
- blaðstilkarnir skulu vera óbrottnir, ósprungnir og ótrénaðir,
- að minnsta kosti helmingur af lengd blaðstilka bleikts stilksellerís skal vera hvítur til gulhvítur eða grænhvítur á litinn.

### 2.2. *I. flokkur*

Stilksellerí í þessum flokki skal vera gott og bera þá eiginleika sem viðkomandi afbrigði eru eiginlegir.

Stilksellerið skal vera (auk lágmarkskrafna):

- gott að lögun,
- blaðstilkarnir skulu vera ótrénaðir og að mestu óbrottnir og ósprungnir. Allt að tveir blaðstlikar á plöntu mega vera brotnir eða með sprungum.
- að mestu án einkenna ryðsvepps og annarra blaðsveppa,
- að minnsta kosti þriðjungur af lengd blaðstilka bleikts stilksellerís skal vera hvítur til gulhvítur eða grænhvítur á litinn.

### 2.3. *II. flokkur*

Í þennan flokk fellur stilksellerí sem ekki uppfyllir kröfurnar fyrir úrvals- og I. flokk en nær þó lágmarkskröfunum.

### III. STÆRÐARFLOKKUN

Stærð stilksellerís er ákvörðuð út frá þyngd þess. Hver „planta“ skal vera a.m.k. 150 g að þyngd. Stilksellerí er flokkað í eftirfarandi þrjá stærðarflokka:

- 1) Stórt: a.m.k. 800 g að þyngd.
- 2) Meðalstórt: 500-800 g að þyngd.
- 3) Smátt: 150-500 g að þyngd.

Stærðarmismunur innan hverrar þökkunareiningar má eigi vera meiri en 200 g fyrir stórt stilksellerí, 150 g fyrir meðalstórt stilksellerí og 100 g fyrir smátt stilksellerí. Kröfurnar varðandi stærðarflokka og stærðarmismun gilda aðeins fyrir úrvalsflokk og I. flokk.

### IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (þakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### 4.1. Gæðakröfur

##### *Úrvals flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 5% stilksellerísins (miðað við fjölda) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verður þetta stilksellerí að uppfylla kröfurnar fyrir I. flokk.

##### *I. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% stilksellerísins (miðað við fjölda) uppfylli ekki settar gæðakröfur, en þó verður þetta stilksellerí að uppfylla kröfurnar fyrir II. flokk.

##### *II. flokkur:*

Leyfilegt er að allt að 10% stilksellerísins (miðað við fjölda) uppfylli ekki settar gæðakröfur (hvort heldur er fyrir II. flokk eða lágmarkskröfur). Stilksellerið má þó ekki bera sýnilegt rot eða aðrar þær skemmdir sem gera það óhæft til neyslu.

#### 4.2. Stærðarkröfur

Leyfilegt er að allt að 10% stilksellerísins (miðað við fjölda) uppfylli ekki kröfurnar varðandi lágmarksstærð.

## V. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hværrar þökkunareiningar skal vera einsleitt og hver þökkunareining má aðeins innihalda sama gæðaflokk, sömu gerð og sömu stærð (ef gerð er krafa um stærðarflokkun). Sýnilegt innihald hværrar þakkingar skal vera einkennandi fyrir þakkinguna í heild sinni.

### 5.2. Snyrtng

Meginrótin skal vera vel snyrt og skal toppurinn einng vera vel snyrtur.

### 5.3. Þökkun

Umbúðirnar skulu veita stिल्selleríinu viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannng gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á stिल्selleríinu. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eitradra eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver þakking skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðandi/dreifingaraðili:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvela rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „stिल्sellerí“) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsvald sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafrgðis.

### **Uppruni:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðunum.

### **Flokkun:**

Á umbúðunum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.

## FLOKKUNARREGLUR FYRIR TÓMATA

1. útgáfa – 9. maí 2001

Flokkunarreglur þessar gilda fyrir tómata af tegundinni *Lycopersicum esculentum* Mill. sem seldir eru ferskir til neyslu, en gilda ekki fyrir tómata sem seldir eru til vinnslu. Tómatar eru flokkaðir eftir lögun og gerð í tvær megingerðir: Hnattlaga tómata (þar með taldir kirsuberjatómatar) og bufftómata.

### I. LÁGMARKSKRÖFUR

Tómatar skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur, óháð gæðaflokkum.

Þeir skulu vera:

- óskemmdir,
- ferskir útlits,
- heilbrigðir og lausir við hverja þá sýki, sníkla eða áverka af þeirra völdum, sem gera tomatana óhæfa til neyslu,
- hreinir, nánast án hvers konar utanaðkomandi efna,
- lausir við óeðlilega lykt og/eða bragð,
- án aldinstilks og bikarblaða,
- án kuldaskemmda.

Tómatar skulu vera þannig þroskaðir og í því ástandi að þeir:

- þoli flutning og meðhöndlun,
- séu í fullnægjandi ásigkomulagi, miðað við viðkomandi flokk, þegar þeir koma á áfangastað.

## **II. GÆÐAFLOKKUN**

Tómatar eru flokkaðir í þrjá gæðaflokka: Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

Kröfur um stærð eiga ekki við um kirsuberjatómata.

### **2.1. Úrvalsflokkur**

Tómatar í þessum flokki skulu vera gallalausir og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis hvað varðar lögun, útlit og þroska.

Tómatar skulu vera (auk lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskaðir og vel fylltir,
- stinnir,
- mjög góðir og jafnir að lit og lögun, ekki mislitir,
- án „græns kraga“,
- án aldinsprungna.

### **2.2. I. flokkur**

Tómatar í þessum flokki skulu vera góðir og bera öll einkenni viðkomandi afbrigðis.

Tómatar skulu vera, auk (lágmarkskrafna):

- eðlilega þroskaðir og vel fylltir,
- stinnir,
- góðir og jafnir að lit og lögun, ekki mislitir,
- án „græns kraga“,
- án aldinsprungna.

Aldin mega bera minniháttar galla, að því tilskyldu að þeir rýri ekki almennt útlit þeirra, gæði og endingu, svo sem:

- minniháttar galla í lögun og þroska,
- minniháttar litagalla,
- minniháttar galla í aldinhúðinni,
- minniháttar höggskemmdir.

Bufftómatar mega auk þess bera:

- grónar aldinsprungur, þó ekki lengri en 1 cm,
- minniháttar korkmyndun í stílenda, þó ekki stærri en 1 cm<sup>2</sup>,
- ílöng ör eftir blómið, þó má örið ekki vera lengra en sem nemur 2/3 af mesta þvermáli aldinsins.

### **2.3. II. flokkur**

Í þennan flokk falla tómatar sem ekki uppfylla kröfur fyrir úrvals- og I. flokk, en verða þó að uppfylla lágmarkskröfurnar. Tómatar skulu vera þokkalega stinnir og vera án ógróinna sprungna.

Tómatar mega bera eftirfarandi útlitsgalla, svo fremi að það skaði ekki einkenni þeirra eða geymsluþol svo heitið geti:

- smávægilega galla í útliti, þroska og lit,
- smávægilega galla í aldinhúðinni og smávægilegar hnjaskskemmdir,
- grónar aldinsprungur, þó ekki lengri en 3 cm,
- „grænan kraga“ í kringum stilk og svipaða litagalla, þó að hámarki 5 cm<sup>2</sup> af yfirborði einstakra aldina.

Bufftómatar mega auk þess bera:

- meiri galla í lögun en í I. flokki, án þess þó að um beina vanskapninga sé að ræða,
- smávægilega korkmyndun í stílendanum, þó ekki stærri en 2 cm<sup>2</sup>,
- ílöng ör eftir blómið.

### III. STÆRÐARFLOKKUN

Stærð aldina ákvarðast af mesta þvermáli þeirra, mælt hornrétt út frá stilknum. Tómata í úrvalsflokki og I. flokki er skylt að stærðarflokka. Eftirfarandi stærðarmörk gilda þó ekki fyrir kirsuberjatómata eða egglega tómata.

<u>Hnattlaga tómatar</u>	<u>Buffitómatar</u>
30-45 mm	65-85 mm
45-55 mm	85-105 mm
55-70 mm	105-125 mm
Yfir 70 mm	yfir 125 mm

### IV. FRÁVIK

Í hverjum flokki (pakkingu) eru leyfileg ákveðin frávik frá settum gæða- og stærðarkröfum.

#### 4.1. Gæðakröfur

##### **Úrvals flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir I. flokk.

##### **I. flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur, en verða þó að uppfylla þær gæðakröfur sem settar eru fyrir II. flokk.

##### **II. flokkur:**

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki settar gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Þó mega aldinin ekki bera rot, slæmar höggskemmdir eða aðrar þær skemmdir sem gera þau óhæf til neyslu.

## 4.2. Stærðarkröfur

Leyfilegt er að allt að 5% aldina, í fjölda eða þyngd, uppfylli ekki stærðarkröfur viðkomandi stærðarflokks. Þó skulu hnattlaga tómatar og bufftómatar vera a.m.k. 30 mm í þvermál.

## V. EINSLEITNI OG PÖKKUN

### 5.1. Einsleitni

Innihald hvernar pakkningar skal vera einsleitt. Hver pakkning má aðeins innihalda aldin af sama uppruna, sömu gerð, gæðum og stærð (ef gerð er krafa til stærðarflokkunar í viðkomandi flokki). Aldin í úrvals- og I. flokki skulu vera mjög svipuð að þroskastigi og lit. Sýnilegt innihald hvernar pakkningar skal vera einkennandi fyrir pakkninguna í heild sinni.

### 5.2. Pökkun

Umbúðirnar skulu veita aldinum viðunandi vörn. Umbúðirnar skulu að innanverðu vera hreinar og þannig gerðar að þær valdi hvorki innri eða ytri skemmdum á aldinum. Umbúðirnar mega bera merki með upplýsingum um vöruna, en einungis má nota prentsvertu eða lím sem eru án eittraða eða varhugaverðra efna.

## VI. MERKINGAR

Hver pakkning skal á sömu hlið vera greinilega merkt að utanverðu:

### **Framleiðanda/dreifingaraðila:**

Umbúðirnar skulu greinilega merktar framleiðanda og dreifingaraðila til að auðvelda rekjanleika vörunnar.

### **Innihald:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram hvaða vöru þær innihaldi (þ.e. „tómatar“ og gerð) ef innihaldið er ekki sýnilegt utanfrá. Hverjum og einum er í sjálfsveld sett hvort bætt er við upplýsingum um heiti ræktunarafbrigðis.

### **Uppruna:**

Upprunaland skal koma greinilega fram á umbúðum.

### **Flokkun:**

Á umbúðum skal greinilega koma fram um hvaða flokk sé að ræða.